



Helgi Rúnar Theódórsson

Ekrusmári 18

201 Kópavogi

Selfoss
28.10.2025

Fallið frá fyrirhugaðri niðurfellingu Árlundarvegur (3646-01), Flóahreppi, af vegaskrá.

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 7.7.2025, þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða niðurfellingu Árlundarvegur (3646-01) af vegaskrá, þar lögheimilisskráning er fallin niður og uppfyllir vegurinn því ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007, um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun innan fjögurra vikna.

Vegagerðinni barst tölvupóstur frá Helga Rúnari Theódórssyni dags. 17.07.2025 þar sem hann tilkynnir að lögheimili verði komið að Árlundi fyrir árslok 2025.

Með bréfi þessu er hér með tilkynnt að fallið er frá fyrirhugaðri niðurfellingu Árlundarvegur (3646-01) af vegaskrá. Þar sem lögheimili hefur verið skráð í Árlundi, uppfyllir Árlundarvegur (3646-01) skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 og því skilyrði þess að teljast til þjóðvega.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent til sveitarfélagsins: floahreppur@floahreppur.is

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Freydís Edda Benediktsdóttir

*Þetta skjal hefur verið samþykkt
rafrænt*